



10. janúar 2002

Bjartari horfur í efnahagsmálum og minni viðskiptahalli

Ýmis teikn eru á lofti um að niðursveiflan í efnahagslífinu hér á landi verði skammvinnari en áður var talið og að framundan sé tímabil aukins stöðugleika, minnkandi verðbólgu og uppsveiflu í þjóðarþúskapnum.

Hér leggst margt á sömu sveif. Samkomulag aðila vinnuamarkaðarins í desember sl. með atbeina stjórnvalda hefur dregið úr óvissu á vinnuamarkaði og er því mikilvægt framlag til aukins stöðugleika í efnahagsmálum. Nýlegar ákvarðanir um auknar aflaheimildir og úrskurður umhverfisráðherra um virkjunarframkvæmdir á Austurlandi munu enn fremur verða til þess að glæða hagvaxtarhorfur á þessu og næsta ári. Enn fremur munu þær skattkerfisbreytingar sem tóku gildi í upphafi þessa árs verða til þess að efla íslenskt atvinnulíf og stuðla að frekari uppbyggingu hér innanlands fremur en erlendis eins og fram hefur komið að undanförmu. Loks má nefna til sögunnar nýjustu tölur um vöruskiptajöfnuð og minnkandi spennu á vinnuamarkaði. Öll þessi atriði munu treysta stöðu efnahagslífsins og auka hagvöxt.

Sérstök ástæða er til að nefna hagstæðari þróun utanríkisviðskipta á árinu 2001 en áður var gert ráð fyrir. Þannig reyndist hallinn á vöruskiptajöfnuði fyrstu ellefu mánuði ársins minni en reiknað var með í áætlun ráðuneytisins. Það má fyrst og fremst rekja til meiri útflutnings en innflutningur var nokkurn veginn í takt við áætlanir. Tölurnar sýna ótrúlega mikinn viðsnúning þar sem hallinn fer úr tæplega 40 milljörðum króna árið 2000 í 11 milljarða árið 2001, miðað við fast gengi.

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts af innflutningi benda til þess að innflutningur í desember sl. hafi dregist saman um meira en fjórðung frá sama tíma árið 2000, miðað við fast gengi. Samkvæmt þessum tölum stefnir hallinn á vöruskiptajöfnuði á árinu 2001 í nálægt 10 milljarða króna, eða 6-7 milljörðum minna en síðustu áætlanir gerðu ráð fyrir. Horfur um þjónustuviðskipti hafa einnig batnað m.a. vegna gengislækkunar krónunnar á árinu 2001 sem hefur í sinn hallað aftur af ferðalögum Íslendinga til útlanda og styrkt samkeppnisstöðu innlendrar ferðapjónustu gagnvart öðrum löndum.

Að öllu samanliðgðu má því reikna með að viðskiptahallinn á árinu 2001 geti orðið allt að 10 milljörðum króna minni en gert var ráð fyrir í síðustu spám, eða nálægt 40 milljörðum króna. Til samanburðar má nefna að viðskiptahallinn nam 67 milljörðum króna árið 2000 og í spá Þjóðhagsstofnunar í júní sl. var því spáð að hallinn myndi enn aukast árið 2001 og nema allt að 73 milljörðum króna. Þessi miklu umskipti eru ekki síst athyglisverð fyrir þá sök að meðalgengi íslensku krónunnar á árinu 2001 er svipað og þar var miðað við. Frávikið frá júníspánni má því fyrst og fremst rekja til vanmats á áhrifum gengislækkunarinnar til þess að hamlar gegn innlendri eftirspurn og treysta stöðu útflutningsgreina.

Þessi þróun hefur áhrif á árið 2002. Að mati fjármálaráðuneytisins má gera ráð fyrir að viðskiptahallinn geti orðið á bilinu 25-30 milljarðar króna á þessu ári í stað 40 milljarða í síðustu spám og tæplega 60 milljarða í spám um mitt sl. ár. Samkvæmt þessu verður afgangur á vöru- og þjónustujöfnuði árið 2002, í fyrsta skipti síðan 1997. Þetta sýnir að þjóðarþúði er óðum að nálgast jafnvægi eftir hina miklu uppsveiflu á árunum 1996-2000.

Aukin fylgni hagsveiflna á alþjóðavettvangi

Á nýliðnu ári dróst hagvöxtur saman í nær öllum aðildarríkjum OECD. Það vekur athygli hversu útbreidd þessi niðursveifla er, ekki einungis meðal OECD-ríkja heldur einnig í flestum ríkjum utan samtakanna. Þetta vekur upp þá spurningu hvort niðursveiflan skýrist af sömu þáttum eða hvort skýringa sé frekar að leita í því að efnahagslægðir berist nú einfaldlega hraðar á milli ríkja sökum aukinna viðskipta og alþjóðavæðingar.

Vissulega er hægt að benda á ýmsa sameiginlega þætti. Augljósasta dæmið er verðhækkun á olíu sem hefur neikvæð áhrif á hagvöxt í flestum ríkjum. Annað dæmi er samdráttur í upplýsingatæknigreinum. Loks má nefna hryðjuverkaárásina á Bandaríkin og þá óvissu sem skapaðist í kjölfar hennar.

Auk þessa má þó einnig greina að aukin alþjóðavæðing gerir það að verkum að flest ríki eru nú orðin viðkvæmari fyrir hagsveiflum í öðrum löndum og því má leiða líkur að því að efnahagskerfi þjóða sveiflist í ríkara mæli hvert í takt við annað. Milliríkjavæðing hefur á undanförmum árum aukist hraðar en heimsframleiðsla og meiri fylgni er því á milli hagsveiflna hjá einstökum þjóðum. Á sama tíma hafa tengsl fjármálamarkaða aukist sem sést best á aukningu í hlutabréfakaupum og beinum fjárfestingum erlendra aðila. Fyrirtæki eru nú á skrá í mörgum kauphöllum í mismunandi löndum og meiri fylgni er í ávöxtun hlutabréfa á milli landa. Líklegt er því að aukin alþjóðavæðing valdi nokkru um þá auknu samhæfingu sem hefur einkennt hina alþjóðlegu niðursveiflu.

En hvað þýðir þetta fyrir Ísland? Að hve miklu leyti stýra erlendar hagsveiflur efnahagsþróun hér á landi? Fyrir nokkrum áratugum var oft lítil fylgni þarna á milli og íslenska hagkerfið sveiflaðist fyrst og fremst í takt við aðstæður í sjávarútvegi. Nú hefur fjölbreytni hins vegar aukist í íslensku atvinnulífi og aðrir þættir hafa hlutfallslega meiri áhrif á hagkerfið. Sömuleiðis hafa áhrif alþjóðavæðingar aukist, m.a. þar sem íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli fjárfest erlendis og á sama hátt hafa fjárfestingar erlendra aðila í íslensku atvinnulífi aukist.

Íslenskt efnahagslíf er því orðið líklegra til þess að verða fyrir áhrifum af efnahagsþróun erlendis. Augljós kostur við þessa þróun er að landið verður minna háð innlendum sveiflum – svo sem í sjávarútvegi. Aukin fjölbreytni í atvinnulífinu eykur jafnvægi og minnkar hagsveiflur. Neikvæði þátturinn er að niðursveifla erlendis hefur einnig áhrif hér á landi eins og m.a. hefur komið fram í ferðapjónustu í kjölfar hryðjuverkanna. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir því að sú uppsveifla sem spáð er erlendis á þessu ári muni hafa jákvæð áhrif hér á landi.

Formenska Íslands innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Ísland hefur nú tekið við formensku í norræna-baltneska kjördæminu í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og mun gegna því hlutverki næstu tvö árin. Í því felst í fyrsta lagi að Ísland tekur sæti í fjárhagsnefndinni (International Monetary and Financial Committee) en í henni sitja ráðherrar og/eða seðlabankastjórnar þeirra ríkja sem gegna formensku í einstökum kjördæmum. Fjármálaráðherra mun sitja fundi IMFC-nefndarinnar en nefndin hittist tvisvar á ári.

Í öðru lagi tekur Ísland við formensku í norræna-baltnesku fjármálanefndinni (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee) en í þeirri nefnd sitja fulltrúar frá seðlabönkum og efnahags- eða fjármálaráðuneytum landanna. Ingimundur Friðriksson, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, mun gegna formannshlutverkinu í þessari nefnd en Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, situr einnig í nefndinni.

Í þriðja lagi tekur Ólafur Ísleifsson, forstöðumaður alþjóðasviðs Seðlabankans, við stjórn norræna-baltnesku skrifstofunnar í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington.

Loks tekur Ísland að sér samræmingarvinnu fyrir kjördæmið næstu tvö árin vegna ákvarðanatöku í framkvæmdastjórn sjóðsins. Alþjóðasvið Seðlabankans hefur umsjón með þessu verki í samstarfi við forsætis- og fjármálaráðuneytið.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,8	6,0
Tekjuskattar	18,9	14,6
Tryggingagjöld	9,1	12,0
Eignarskattar	17,5	12,8
Veltuskattar	6,7	0,0
Tekjur alls	6,7	6,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,3	4,4
Félagsmál	9,9	14,7
Atvinnumál	4,4	17,0
Vaxtagjöld	37,8	9,7
Önnur útgjöld	8,9	45,3
Gjöld alls	11,7	14,1

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8972	-3974
Hr. lánsfjárfjöldun	9172	-22710
Afborganir lána	-34443	-22310
Br. lánsfjárfjöldun	-30769	-56895
Lántökur	27793	65227
Greiddsluafkoma	-2978	8332

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-desember	4,2	8,6
Kjarnaverðbólga-des.	3,0	10,3
Launavísitala-nóvember	7,6	9,4
Heildarvelta jan.-ágúst	8,6	12,3
Srnásöluvelta jan.-ágúst	4,3	6,0
Atvinnuleysi - nóvember	1,1	1,5